

Mættir: Pálmi, Sigríður Fjóla, Gauja, Matthildur, Páll og Lárus. Viktoría leyfi, Jóhannes kom 17:50

Pálmi fer yfir tillögu með fundargerðir-Fjóla punktar niður, Gauja setur upp í tölvu og sendir í tölvupósti til samþykktar. Bíður nýjan meðlim Matthildi Þorvaldsdóttur velkomna.

- Pálmi fer yfir breytingar á stjórnun og kennslu skólans.
- Lárus og Páll fara yfir hlutverk nemendafélagsins. Bæta við próflokaballi í lok skólaárs. Öskudagsböll fyrir 4.-10.bekk. Íþróttadagur næsta vor (1.-10.bekkur) útivið (stigvélakast) eitthvað fyrir alla Lovísa Hilmarsdóttir aðstoðar þau. Nemendafélagið hefur fengið afnot af stofu 212 þar geyma þau öll gögn og funda 1x í viku. 9 manns eru i nemendaráði frá 6.-10.bekk.
- Umbóta-og þróunarstörf 6.teymi
  - a) Lestrarhópur Bjarnfríður Jónsdóttir + 3 bæta við af miðstigi.
  - b) Innra mat → Kristín Mogensen + 2
  - c) Fjölbreyttir kennsluhættir Viktoría Róbertsdóttir + (Petrína Baldursdóttir og Benný Ósk Jökulsdóttir) útikennsla upprifjun í jan fyrir nýtt fólk.
  - d) Uppbyggingastefna Valdís Kristinsdóttir + 2
  - e) Stærðfræðihópur Ellert Magnússon + 2
  - f) Fjölsmiðjan Rósa Baldursdóttir, Benný Ósk Jökulsdóttir og Pálmi Ingólfsson. Fjölsmiðjan fékk styrk upp á 1.000.000.-
- Pálmi Ingólfsson fékk tölvupóst í dag frá starfshóp skipuðum m.a. Rúnari Árnasyni um sameiginlega starfskynningu á Suðurnesjum. Hækka menntastigið.
- Farið yfir drög um heimanámsstefnu Grunnskólans. Talað um Holtaskóla hvað það hafa orðið miklar framfarir í lestri. Talað um hvort að 60 mín + séu og mikið á unglingsstigi.
- Tillaga og umræður varðandi klæðaburð á skemmtunum skólans. Getum við sett svona reglur? Þá getum við mætt því ef þau mæta í óviðeigandi klæðnaði. Reglurnar um buxurnar hjá strákonum gilda í skólanum dagsdaglega. Við samþykkjum að þetta sé til umhugsunar og sett á vefinn. Orðalaginu breytt ef við setjum þetta í reglur.
- Við getum komið með tillögu um áætlun fyrir skólaráð. Hvernig opin fund vill skólaráðið hafa fyrir aðila skólasamfélagsins. T.d nýta skýrslur frá hópum í umbóta-og þróunarstarfi og skýrslur frá menntamálaráðuneyti frá úttektinni. (Opinber í mars hjá menntamálaráðuneyti) Efla tengsl milli foreldra og skólasamfélagsins (opin bæjarfundur) svona fundur á að vera 1x á ári. Pálmi vill efla skólaráð, gera það sýnilegt og það stæði fyrir þessum fundi. Foreldrar eiga að hafa áhrif.
- Næsti fundur er 18.janúar kl.17:30